medt. 18/2 svarad 19/2

Krossi 4de d. Febr: m. 1863

Ástkæri vinur minn!

Af því nú er farid ad huxa til þess ad annar vinnumadur (minn) fari ad leggja á stad sudur til ykkar, þá get eg ekki látid hann svo fara ad hann hafi ekki medferdis eina línu til þín, í raunimni rétt til þess ad votta þér mitt innilegasta þakklæti fyrir allt ágætt undan farid, og láta þig sjá ad eg er uppisitjandi á þessari stundu. Jeg vona þú hafir fengid frá mér línu í vetur og þad þó séra S. G. Thorarensen hafi keypt spitala fiskinn í Rvsýslu. Til allrar ógæfu þordi eg ekki ad rádast í svo mikid, en sjálfsagt var þad, ad þó eg hefdi gjört þad, þá vorum ekki skild-ingarnir eins í handrada hjá mér einsog hinum þilt-inum, en samt íminda eg mér ekki ad biskupinn hefdi álitid mig óáreidanlegan ad öllu óreindu. Mér datt þad satt ad segja strax í hug ad hann vildi ekki hluta í sundur sýsluna, ef einn vildi kaupa í allri, en eg fór þessa á flot, til reynslu vegna þess eg sá fyrri, einsog nú, ad Gullbringu sýsla